

Ár 2006, fimmtudaginn 2. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, tekið fyrir mál nr:

S-318/2006:

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson)

gegn

F

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

og uppkveðinn svofelldur:

d ó m u r :

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 16. október sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 16. maí 2006 á hendur F,kt. 000000-0000, V, Reykjavík, „fyrir líkamsárásir með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 4. febrúar 2006, utan við veitingastaðinn Útlagann, Flúðum, slegið Ó, kt. 000000-0000, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að framtönn 11 brotnaði upp við tannhold og sá inn í taug, og kvarnaðist úr tönn 21.“

Ákærvaldið telur brot ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, sbr. 111. gr. laga nr. 82/1998.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af refsikröfunni, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist málsvarnarlauna.

Verjandi ákærða krefst sýknu og að sakarkostnaður og málsvarnarlaun gerði greidd úr ríkissjóði.

Málsatvik:

Þann 8. febrúar 2006 kom Ó á lögreglustöðina á Selfossi til að kæra líkamsárás sem hann hafði orðið fyrir á milli kl. 3.00 og 4.00 aðfaranótt laugardagsins 4. febrúar 2006 fyrir utan skemmtistaðinn Útlagann á Flúðum.

Segir Ó í skýrslunni að aðdragandi þessa hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið inni á Útlaganum þessa nótt ásamt félögum sínum þeim Óttari Bragasyni, Vilmundi Jónssyni og Hannesi Ólafi Gestssyni þar sem þeir höfðu átt samskipti við kærða og þrjá félagu hans. Þessi samskipti kvað Ó hafa verið í góðu að því hann best vissi. Þegar hann var á leið útaf skemmtistaðnum eftir lokun sá hann að Óttar var í einhverjum deilum við strák með derhúfu sem mun hafa verið vinur kærða. Ó kvað Óttar og félagu kærða hafa tekist á og hafi Vilmundur verið að stífa þeim í sundur sem honum tókst en Ó kvaðst hafa verið á leiðinni til að aðstoða Vilmund við það. Stuttu síðar hafi Óttari aftur lent saman við félagu kærða. Ó sagði að Óttar hafi fallið í jörðina ásamt þeim sem hann var að kljást við. Segir Ó að Vilmundur hafi allan tímann reynt að róa Óttar niður sem virtist orðinn pirraður á félagu kærða. Ó kvaðst hafa komið að þar sem þeir lágu í jörðinni, Óttar og strákurinn. Ó kvað Vilmund hafa sagt honum frá því að hann hafi óvart rekið hendina í einhvern af strákunum mjög líklega kærða en Ó kvaðst ekki hafa séð það þar sem hann hafi ekki verið nærri Vilmundi þá. Ó kvaðst hafa tekið í jakkann á kærða sem þarna var og sagt „, hvað er hér í gangi” og um leið ætlað að ýta kærða frá. Þá hafi engum togum skipt, kærði sló Ó eitt hnefahögg á andlitið og kom hnúinn beint á munninn. Við höggið kvað Ó hægri framtönn í efri góm hafa losnað og týnst í mölinni utan við Útlagann og kvarnast úr vinstri framtönninni.

Ó kvaðst hafa hitt kærða rétt síðar þarna skammt frá. Hann kvað kærða hafa séð að það vantaði framtönnina í Ó og spurt hvað hafi komið fyrir tönnina. Ó sagðist hafa sagt kærða að hann hefði slegið hana úr sér. Hann kvað kærðahafa lýst því yfir að hann væri leiður yfir því að hann hafi misst tönnina. Hann kvað kærða hafa sagt að hann myndi borga tönnina og hafi látið hann hafa símanúmerið sitt óbeðinn auk þess að gefa honum upp nafn sitt. Jafnframt sagði Ó að kærði hafi beðið þá um að taka Óttar í burtu því það væri komið nóg.

Ákærði, F, kt. 000000-0000, V, Reykjavík, gaf skýrslu þann 7. mars 2006 hjá lögreglunni. Sagðist hann ekki vita til þess að hann hafi slegið nokkurn mann við skemmtistaðinn Útlagann á Flúðum í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa verið drukkin og verið með félögum sínum inni á skemmtistaðnum. Hann kvað þá félagu hafa setið við borð inni á skemmtistaðnum þegar nokkrir strákar hafi komið og sest við borðið hjá þeim. Höfðu strákarnir verið með leiðindi og stæla. Gerðist þetta rétt fyrir lokun klukkan þrjú. Eftir lokun hafi ákærði farið út með félögum sínum og hafi þá einn strákanna komið til þeirra og viljað komast í átök. Hafi ákærði reynt að fá strákinn og félagu hans til að láta af þessum ólátum en án árangurs. Sagði ákærði að einn strákurinn sem mest var áberandi hafa slegið sig hnefahögg á hægri kinn en hörfað til baka í framhaldi. Síðan hafi þessi strákur farið að atast í félagu hans, Hjálmar Hjálmarssyni og slegið af honum derhúfu sem hann var með á höfði en húfan hafi fallið í blauta jörðina. Hafi Hjálmar tekið húfunu upp og slegið henni blautri framan í strákinn og eitthvað slettist úr húfuinni á hina strákanna sem stóðu að atlögunni að ákærða og félögum hans. Sagði ákærði að þrír strákar, þar með talið kærandi hafi gert atlögu að Hjálmar. Einn hafi reynt að slá til Hjálmars en ekki náð

til hans en það hafi kæranda tekist. Möguleiki sé þó að það hafi verið á hinn veginn að högg kæranda hafi geigað og hinn ljóshærði náð högginu á Hjálmar. Hjálmar hafi þá slegið til baka og hitt á munn þess ljóshærða og við það hafi sprungið á honum vör. Sagði ákærði að Hjálmar hafi fallið og tekið þann ljóshærða með sér í fallinu og hafi tekist að koma honum undir. Svo atvikast það svo að aðrir komu þar að og féllu í hrúgunu, þar á meðal ákærði og kærandi. Ákærði kvaðst hafa náð að standa upp og hann tekið kæranda ofan af Hjálmari. Í framhaldi af þessu kvaðst ákærði hafa náð Hjálmari á fætur. Í millitíðinni á hann að hafa slegið kæranda eða það kvað hann kæranda hafa sagt sér eftir á. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa slegið kæranda. Þarna hafi verið mikil hreyfing á mönnum þegar þeir féllu í götuna og svo í framhaldi þegar þeir voru að standa upp. Hvort hann eða einhver annar hafi þá rekist í kæranda geti hann ekkert sagt um. Hann kvað högg hafa gengið á mönnum í hrúgunni en hann taldi þau ekki hafa verið alvarleg að hans mati. Ákærði sagði kæranda hafa komið eftir slagsmálin til sín og sagt sér að hann hafi slegið hann með þeim afleiðingum að kærandi missti tönn. Hann kvað kæranda hafa verið vissan um að það hafi verið ákærði sem sló hann en ákærði sagðist hafa neitað þá strax en sagt að þeir skyldu ræða þetta á mánudeginum og gefið honum upp nafn sitt og símanúmer svo þeir gætu rætt málin. Ákærði hafnaði bótakröfu frá kæranda og sagði að þessir strákar hafi ráðist á hann og allan tímann hafi þeir verið að sækjast eftir leiðindum og slagsmálum.

Vilmundur Jónsson, kt. 000000-0000, Skeiðháholti 1, Skeiða- og Gnúpverjahrepp gaf skýrslu hjá lögreglunni 16. febrúar 2006. Kvaðst hann kæranda vera frænda sinn og vin. Hann kvaðst ekkert þekkja til ákærða. Sagðist hann ekki hafa verið sjónarvottur að því þegar Ó var sleginn en aðdraganda þess kvað hann sér ekki kunnur. Sagðist hann hafa farið á Útlagann rétt fyrir kl. þrjú þessa nótt ásamt kæranda, Óttari og Hannes. Kæranda og Óttar kvað hann hafa farið inn á skemmtistaðinn en honum og Hannesi hafi ekki verið hleypt inn vegna aldurs. Vilmundur vissi ekki hvað hafði gerst inni á skemmtistaðnum en kærandi og Óttar hafi komið aftur út um tíu til fimmtán mínútum eftir að þeir fóru inn. Sagði Vilmundur að þarna hafi verið þrjú eða fjórir strákar saman í hóp sem hann kvaðst ekki hafa þekkt né séð áður. Sagðist Vilmundur hafa séð einn af þessum strákum í einhverju þrefi og stimpingum við Óttar. Sagðist hann hafa farið að þeim til að stoppa þá af. Sagðist hann hafa tekið í strákinn sem hafði lamið Óttar og beðið hann um að hætta sem hann gerði. Jafnframt kvaðst hann hafa dregið Óttar frá þessu og fengið hann til að róa sig niður. Á meðan á þessu hafi staðið taldi Vilmundur að kærandi hafi verið sleginn af öðrum strák úr þessum hópi. Hann kvað kæranda hafa sagt þeim að hætta og koma burt þar sem það hefði verið brotin í honum tönn. Vilmundur kvaðst hafa séð að kærandi hafi verið blóðugur í munn og séð að það vantaði aðra framtönnina í efri góm hans.

Hannes Ó Gestsson, kt. 000000-0000, Kálfholti 2a, Skeiðum, gaf skýrslu hjá lögreglunni 17. febrúar 2006. Kvað hann sig og kæranda vera góða vini. Sagði hann svo hjá lögreglu að rétt fyrir klukkan þrjú þessa nótt hafi hann, kærandi, Óttar og Vilmundur komið að Útlaganum. Kærandi og Óttar hafi farið inn en hann og Vilmundur hafi orðið eftir úti vegna þess að þeir fengu ekki að fara inn á skemmtistaðinn. Um það bil korteri síðar sá hann kæranda og Óttar koma út og samtímis fjóra stráka sem hann kvaðst ekki hafa þekkt né vissi nokkur deili á annað en þeir hafi verið frá Reykjavík en það hafi komið fram síðar. Hannes kvað strákana hafa verið að tala saman og það var eins og einhverjir þeirra væru dálítið pirraðir. Rétt síðar kvaðst Hannes hafa séð þegar kærandi stóð framan við einn af

ókunnu strákunum og lagði aðra hendi að honum, ekki þannið að hann hefði verið að gera sig líklegan til að taka í strákinn heldur eins og hann væri að leggja áherslu á orð sín eða eitthvað í þá veru. Hannes kvað ókunna strákinn hafa án fyrirvara slegið Ó eitt hnefahögg á munninn. Hannes kvað þennan strák hafa verið að sjá smá pirraðan en ekki neitt æstan áður en hann sló kæranda. Hann hafi síðan orðið vitni að því að þeir ræddu eitthvað saman og strákurinn hafi gefið kæranda upp símanúmer sitt.

Óttar Bragason, kt. 000000-0000, Skeiðháholti 2, Skeiða- og Gnúpverjahrepp gaf skýrslu hjá lögreglunni þann 17. febrúar 2006. Hann kvað sig og kæranda vera æskuvini en ekkert þekkja ákærða. Hann kvað sig og kæranda hafa farið inná skemmtistaðinn Útlagan þessa nótt en Hannesi og Vilmundi hafi ekki verið hleypt inn vegna ungs aldurs. Inni á skemmtistaðnum hafi verið þrír ókunnir strákar sem voru á að giska eitthvað yfir tvítugu. Sagði Óttar að hann hafi eitthvað talað við strákana inni á staðnum og hann hafi verið að pirra þá. Um klukkan þrjú þegar staðnum var lokað kvað Óttar einn strákinn, sem var með derhúfu, hafa verið með glerflösku í hendinni og hann kvaðst hafa talið að strákurinn ætlaði að ráðast á hann með flöskunni. Óttar sagði að hann og félagar hans hafi öskrað á strákinn og sagt við hann að það væri aumingjalegt að ráðast á einhvern með flösku og þá hafi strákurinn hent flöskunni frá sér. Í framhaldi af þessu hafi komið til stimpinga milli hans og þessa stráks og hann sagðist hafa slegið til stráksins en höggið geigað. Hann kvaðst hafa fengið eitt högg í höfuðið frá þessum strák og kvaðst Óttar hafa gefið stráknum eitt högg í höfðuðið. Síðan hafi þeir velst um og strákurinn yfirleitt haft betur. Óttar sagði að Vilmundur hafi alltaf verið að reyna að skilja þá í sundur. Óttar kvað kæranda hafa verið þarna við hlið hans þegar hann bað þá um að hætta og koma því það væri búið að slá úr honum framtönn. Þegar menn höfðu séð að kærandi hafði misst tönn hafi stimpingum verið hætt og menn dregið sig frá þessu ástandi. Óttar sagðist ekki hafa séð hver sló kæranda einhver þeirra þriggja strákanna, en ekki sá sem hann var að kljást við, hafi slegið kæranda með þeim afleiðingum að framtönnin losnaði.

Hjálmar Hjálmarsson, kt. 000000-0000, Skeggjagötu 21, Reykjavík gaf skýrslu hjá lögreglu þann 27. mars 2003. Kvað hann sig og ákærða vera góða féлага. Sagði hann að þeir félagarnir, ákærði, Þórður Örn og Örvar Geir hefðu verið á Útlaganum umrædda nótt. Sagði hann að um nóttina hefðu nokkrir strákar komið inn og komið að borði þeirra féлага. Höfðu tveir piltanna sig mest í frammi, annar ljóshærður en hinn dökkhærður sem Hjálmar heldur að sé sá sem kærði í máli þessu. Sagði hann þessa tvo drengi hafa tekið sígarettur af borðinu hjá þeim og drukkið af bjórnum þeirra. Kvað Hjálmar þann ljóshærða hafa verið virkastan í látunum og hann hafi meira að segja verið að biðja þá um að koma út á bílaplan til að slást. Hjálmar kvað það aldrei hafa komið til greina af hans og féлага hans hálfu að verða við þeirri ósk. Sagði Hjálmar að þetta hafi verið um klukkan þrjú um nóttina og þegar þeir hafi verið búnir með bjórinn hafi þeir staðið upp frá borðinu og haldið af stað út og ætluðu beint þangað sem þeir höfðu næturdvöl. Þegar þeir komu út úr dyrunum hafi ljóshærði og dökkhærði strákurinn verið á planinu framan við dyrnar. Hjálmar kvað ákærða hafa verið fyrstan af þeim fjórmeningum út af staðnum. Hann kvað ljóshærða strákinn hafa fyrirvaralaust hafa ráðist framan að ákærða og ýtt við honum nokkrum sinnum í þeim tilgangi að fá ákærða til að slást. Hjálmar kvað ákærða ekki hafa tekið á nokkurn hátt á móti þeim ljóshærða sem vafalaust ætlaðist til að ákærði réðist á hann. Þvert á móti hafi ákærði ekki gert neitt slíkt. Hjálmar kvað ljóshærða strákinn hafa slegið ákærða hnefahögg í andlitið og þrátt fyrir það

kvað hann ákærða ekki hafa brugðist við því á annan hátt en spyrja strákinn að því hvað hann ætlaði að gera svo. Hjálmar kvaðst hafa gengið að ákærða og þeim ljóshærða til að skipta sér af þessu. Þá hafi sá ljóshærði snúið sér að honum og farið að ýta við honum nokkrum sinnum, væntanlega til að vekja upp slagsmál. Hjálmar kvað strákinn hafa slegið af honum húfuna sem hann var með. Húfuna kvað hann hafa fallið ofan í poll en hann tekið húfuna upp og slegið henni lauslega framan í strákinn. Hjálmar fannst eins og að við þetta hefði strákurinn fengið það sem hann hafi verið að sækjast eftir, það er, ástæðu til að fara í áflog sem hann gerði af meiri krafti en áður. Hjálmar sagði strákinn hafa hjólað í hann með því að reyna að slá hann. Hjálmar kvaðst hafa fengið ein tvö högg í andlitið en kvaðst ekki viss hvort það voru högg frá þeim ljóshærða eða félögum hans. Hjálmar sagðist hafa gripið í strákinn og haldið honum eins og hvolpi og sagt honum að hætta þessum látum. Á sama tíma sagði hann tvo félagar stráksins hafa hangið á bakinu á honum. Hjálmar kvaðst halda að félagar hans hafi dregið strákana af honum og svo hann út úr þvögunni. Hjálmar sagði að við svo búið hafi þeir komist frá þessum piltum og ekki hafi frekari átök orðið. Hjálmar kvað ekki hafa séð ákærða slá neinn þarna.

Þórður Örn Björnsson, kt. 000000-0000, Vesturbergi 96, Reykjavík gaf skýrslu fyrir lögreglunni 27. mars 2006. Sagði hann að þeir ákærði væru góðir vinir en hann þekkti ekki kæranda. Sagði Þórður að hann hefði ásamt ákærða, Hjálmar og Örvari verið á Útlaganum umrætt sinn þegar nokkrir ungir menn veittust að þeim. Þórður kvaðst ásamt félögum sínum hafa verið að sötra bjór þegar inn komu einir fjórir strákar rétt fyrir lokun og settust við borðið hjá þeim. Hann kvað piltana hafa verið með einhvern kítung og bögg. Einkum hafi það verið einn úr hópum, ljóshærður strákur, sem bar mest á en hinir hafi verið í lagi. Sagði Þórður að þegar þeir félagar komu út af staðnum þá hafi ljóshærði strákurinn ráðist á annað hvort ákærða eða Hjálmar. Hann kvaðst ekki viss hvernig það byrjaði en vel gæti verið að einhver orðaskipti hafi farið á milli áður. Þórður sagði að fljótlega hafi sá ljóshærði og Hjálmar eða ákærði, Þórður kvaðst ekki viss hvor það var, hafa verið komna í götuna. Við það hafi komið fleiri strákar úr hinum hópnum og blandað sér í átökin og einhverjir voru að reyna að skilja í sundur. Þórður kvað þarna hafa orðið einhverjar ryskingar sem hann leit ekki svo á að væru alvarlegar heldur bara einhver veltingur. Þórður kvaðst ekki hafa séð ákærða slá neinn þarna og sagðist ekki hafa séð hvort einhver hafi verið sleginn nema þá Hjálmar af hálfu þess ljóshærða sem lét allra manna verst. Þórður sagðis ekki vita hvernig það gerðist að kærandi missti tönn en sagði að hann hefði komið til ákærða eftir að það hafi gerst og sagt við ákærða að hann hefði slegið úr honum tönn. Þórður minnst þess að ákærði hafi ekki kannast við að hafa gert það en hann hafi gefið stráknum upp símanúmer sitt.

Örvar Geir Örvarsson, kt. 000000-0000, V, Reykjavík, gaf skýrslu hjá lögreglu 27. mars 2006. Sagði hann að þeir ákærðu væru góðir félagar. Bar hann fyrir lögreglu eins og félagar hans að hann hefði verið á Útlaganum umrætt skipti. Sagði hann að rétt fyrir lokun hafi komið nokkrir strákar og tveir þeirra haft sig mest í frammi. Örvar kvað sig og féлага sína ekkert viljað með þessa stráka hafa og vildu bara fá að vera í friði að drekka sinn bjór. Hann kvað þessa stráka hafa komið um fimm til tíu mínútum fyrir lokun. Örvar sagði strákana ekki hafa látið þá í friði og greinilegt að þeir hafi verið að leita eftir einhverjum vandræðum. Þegar búið var að loka staðnum og þeir félagar á leið út voru þessir sömu strákar fyrir utan og gerðu sig líklega til að koma af stað vandræðum. Örvar kvað strákana hafa ráðist á þá og hann kvaðst vita að einn þeirra hafi slegið Hjálmar í andlitið og það hafi í raun

verið fyrsta höggið. Í framhaldi af þessu hafi óróinn aukist og þetta leitt til stimpinga milli manna sem stóðu á að giska í tuttugu mínútur. Örvar kvaðst eitthvað hafa verið um að hnefar væru á lofti og menn dottið og fallið í jörðina. Hann kvað þessi átök í rauna að mestu verið háð af strákunum sem voru að ónáða hann og félagar hans sem voru fyrst og fremst að fá þessa drengi til að hætta þessum látum og gefa þeim frið. Örvar kvaðst ekki hafa séð að ákærði hafi veitt neinum af þessum strákum högg.

Árni Hjaltason, kt. 000000-0000, Galtafelli gaf símaskýrslu hjá lögreglunni 29. mars 2006. Sagðist hann hafa verið í leigubílaakstri á Flúðum umrædda nótt. Hann hafi séð til tveggja hópa ungra manna að rífast utan við aðalinnganginn að Útlaganum. Hann sagðist hafa skotist í stuttan túr og verið kominn aftur að Útlaganum fimm mínútum síðar. Þá voru nokkrir í hrúgu í götunni framan við skemmtistaðinn. Hann kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni og skilið menn í sundur og að því loknu farið inn í Útlagan til að bíða eftir túr. Árni greindi frá því að það hafi ekki verið mikill æsingur í gangi milli þessara hópa og hann metið það þannig að ekki væri ástæða til að vera að skipta sér frekar af því. Hann kvaðst ekki hafa séð til manna beita hnefahöggum og hann því ekki verið sjónarvottur að því þegar brotþoli á að hafa verið sleginn hnefahöggi í andlitið.

Áverkavottorð liggur frammi í málinu útgefið 16. febrúar 2006 af Sigríði Sverrisdóttur tannlækni. Kemur þar fram að framtönn 11 hafi brotnað alveg upp við tannhold og séð hafi inn í taug. Á röntgenmynd megi etv. sjá óljósa sprungu í apex hluta rótar. Úr tönn 21 hafi kvarnast úr mesinc kanti og tönn smávegis mobil. Palatalt sjás þversprungur greinilega.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði, F kom fyrir dóminn. Sagði hann þeir hefðu verið fjórir félagarnir saman á Útlaganum. Hann hafi verið að koma út af salerni á staðnum og þegar hann kom til baka hafi strákar verið komnir að borðinu þeirra en verið með leiðindi, heimtað bjór og sígarettur. Hafi þeir verið með virkileg leiðindi og greinilega verið að sækjast eftir slagsmálum. Síðan hafi þeir yfirgefið staðinn en þegar ákærði og félagar hafi komið út af staðnum þá hafi þeir félagar verið fyrir utan skemmtistaðinn. Einn þeirra sérstaklega, ljóshærður strákur hafi verið með leiðindi, ráðist að ákærða, heimtað að fá að slást og endað með því að slá ákærða í andlitið. Þegar hann fékk engin viðbrögð frá ákærða þá hafi hann gengið að Hjálvari reynt að fá hann til að slást við sig og að lokum slegið af honum húfuna sem hafi lent í polli. Hjálmar hafi verið pirraður og slegið húfinni í andlitið á þeim ljóshærða. Þá hafi strákurinn ráðist á Hjálmar og kærandi og félagar hans hafi hvatt hann. Hjálmar hafi dottið í átökunum, ákærði ákvað að grípa inni, farið að þvögunni, ýtt einhverjum strák frá og hjálpar Örvari félagar sínum að reisa félagar sinn upp. Kærandi hafi síðan komið til sín og sagt sér að hann hafi brotið í sér tönn. Ákærði sagðist hafa neitað því en gefið kæranda upp símanúmer sitt til að ræða frekar við hann eftir helgina. Helst detti honum í hug að honum sé kennt um áverkana vegna þess að hann hafi tekið kæranda frá Hjálvari þegar hann var að grisja þvöguna. Ákærði sagðist hafa verið með mar og lausa jaxla eftir högg sem hann fékk á staðnum og hafi það verið eftir Óttar eða þann ljóshærða.

Ó kom fyrir dóminn og sagði að þeir félagarnir, fjórir saman hafi farið á Útlagan umrædda nótt. Hann og Óttar, hugsanlega Villi líka fóru inná staðinn,

hann mundi það ekki alveg. Óttar og kærandi hafi sest við borð hjá strákunum. Óttar hafi verið að æsa þá upp, og hann minnti að Óttar hafi tekið sígarettur frá þeim. Vitnið sagðist hafa verið með bjánahátt í umrætt sinn, hann hafi verið ölvaður. Þegar hann og Óttar fóru út af Útlaganum þá hafi Villi og Hannes verið úti líka. Ákærði og félagar hans hafi líka komið út af staðnum og þá hafi menn farið að kallast eða hrópast á um að hvorir aðrir væru fífl og fleira sem þeir létu falla. Aðspurður sagði vitnið að það gæti vel verið að Óttar hafi verið að mana þá í slagsmál. Vitnið sagði að það hafi orðið stimpingar fyrir utan, Óttar og ákærði hafi verið að stimpast. Félagi ákærða og annar hafi verið komnir í jörðina, hann hafi hlaupið inni þvöguna og ætlað að fara að hjálpa vini mínum og ýta hinum frá og þá hafi hann fengið högg. Það hafi komið beint á framtönnina, „það geti ekki hafa verið neitt annað, það sást ekki neitt annað og tönnin fór bara úr“. Síðan man hann að félagar hans voru komnir eitthvað í burtu og gengið til þeirra en þá séð að hann hafði misst tönn. Hann hafi talað við ákærða og fengið símanúmerið hjá honum og svo hafi þeir farið. Aðspurður sagðist hafa ýtt við ákærða eða vini hans til að komast að vini sínum í þvögunni í sömu andrá og hann fékk höggið. Ákærði stóð líka við þvöguna og hann hélt að hann hefði líka verið að reyna að stöðva slagsmálin. Vitnið sagði að þegar hann hafi gengið að þvögunni hafi ákærði verið sér á hægri hönd og nánast snúið baki við sér en þó ekki alveg. Hann minnti að allir félagar ákærða og Óttar hafi verið í þessari þvögu. Aðspurður sagðist hann minna að ákærði hafi slegið hann með vinstri hendinni en hann sá það ekki „það kom rosalega dauður punktur hjá mér akkúrat þarna.“ Hann sagðist ekki hafa tekið eftir því strax að hann hafði misst tönnina, honum hafi verið bent á það af félögum sínum þegar hann kom til þeirra. Aðspurður um það hvort og í hvaða aðstæðum þeir sem voru að slást voru þegar vitnið fékk höggið þá gat vitnið ekki ekki útskýrt það, hvort þeir tveir hafi legið í jörðinni en það gæti verið að þeir hafi verið standandi. Vitnið sagðist bara hafa séð ákærða þegar hann fékk höggið, það hafi verið annað hvort ákærði eða vinur hans sem hann ýtti frá til að komast að Óttari og þá hafi hann fengið höggið. Hann hafi ekki verið alveg kominn að Óttari þegar höggið átti sér stað, ekki kominn í snertingu við hann.

Vilmundur Jónsson kom fyrir dóminn og sagði að Óttar og kærandi hefðu farið inn á Útlagan umrætt kvöld en hann og Hannes hafi ekki farið inn þar sem þeir hafi ekki haft aldur til þess. Hann mundi að þegar að ákærði, félagar og kærandi komu út af Útlaganum þá hafi Óttar farið að slást við einhvern af félögum ákærða en hann hafi horft á. Óttar hafi verið laminn og Vilmundur hafi stöðvað hann svo hann myndi ekki lemja á móti. Kvað hann að þeir allir hafi verið á planinu þar sem slagsmálin hafi verið. Hann hafi hins vegar ekki séð þegar kærandi fékk höggið á sig. Hann hafi fyrst vitað það þegar að kærandi hafi komið til sín og sýnt sér að það vantaði tönn í hann. Hann mundi ekki til þess að kærandi hafi slegið neinn en hann sá kæranda rífast við ákærða á planinu fyrir framan Útlagan en hann mundi þá ekki hvort slagsmálin voru yfirstaðin eða ekki. Hann sagðist hafa stöðvað Óttar og haldið honum niðri en fleiri hafi ekki verið í því að stöðva slagsmálin. Hann sá hins vegar ekki hvort kærandi hafi reynt að stöðva slagsmálin né ákærði. Hann sagðist ekki hafa séð þegar kærandi fékk höggið á sig.

Hannes Ó Gestsson kom fyrir dóminn og upplýsti að hann og Villi hafi ekki komist inn á Útlagan umrætt kvöld. Þeir hafi verið stoppaðir í dyrunum en þeir hafi ekkert verið mikið að reyna að komast inn. Sagðist hann síðar hafa séð ákærða og kæranda vera að þræta og greinilega ekki verið neitt gott á milli þeirra. Einnig sá hann Óttar og annan strák vera fúla út í hvorn annan og verið að slást. Þá hafi

kærandi komið að þeim og hann séð högg koma að kæranda. Sagðist hann hafa litið snögg við þá hafi einmitt höggið komið. Sá sem hafi slegið hafi verið strákur í brúnum leðurjakka en hann hafi ekki séð andlitið á honum. Þeir hafi allir verið á sama stað, hann hafi snúið baki í kæranda og ákærða en hafi snúið sér við og þá séð höggið þegar það var „eiginlega búíð að koma, eða einmitt komið“, eins og vitnið sagði. Hann hafi ekki séð framan í þann sem sló. Hann hafði síðan séð ákærða og kæranda tala saman og sýndist honum það hafa verið í góðu. Aðspurður sagði hann að hann hafi litið til þeirra ákærða og kæranda þegar höggið er að gerast. Vitnið sagðist ekkert hafa tekið eftir því hvort ákærði sló með hægri eða vinstri hönd en honum hafi fundist höggið koma beint framan á kæranda.

Óttar Bragason kom fyrir dóminn. Sagði hann að hann og kærandi hafi farið inn á staðinn en Hannes og Vilhjálmur hafi ekki fengið að fara inn vegna ungs aldurs. Hann sagðist hafa séð ákærða og féлага inni á staðnum. Þeir félagar hafi eitthvað farið að tala við ákærða og féлага og verið með einhvern derring við þá eða einhvern erting. Annað hvort hann eða kærandi hafi tekið sígarettu frá þeim en hann mundi litið eftir því þar sem hann hafði verið drukkinn. Sagði hann að þegar þeir voru komnir út fyrir staðinn þá hafi einn strákur með derhúfu verið þarna, vitnið hafði verið búíð að rífa kjaft við hann og hann hafi þá slegið vitnið. Sagði vitnið að hann hafi orðið mjög reiður og þeir hafi slegist þarna á staðnum. Sagði hann að Árni Hjaltason hafi komið einu sinni þarna og togað þá í sundur. Vilmundur hafi verið reiður út í sig og hafi reynt að koma sér út úr þessu. Þeir hafi síðan hætt að slást þegar kærandi sagðist hafa misst tönn og síðan farið af staðnum.

Örvar Geir Örvarsson kom fyrir dóminn. Sagði hann að hann, ákærði og félagar hans hafi verið að skemmta sér á Útlaganum umrædda nótt. Rétt fyrir lokun hafi einhverjir drengir komið inn og verið með stæla, einn hafi tekið bjórkönnu hans og tekið sopa án þess að biðja um leyfi. Vitnið hafi ekki skipt sér af því. Þegar þeir komu út af Útlaganum þá hafi Hjálmar staðið á móti einum strák, minnti að Hjálmar hafi þá verið búinn að fá eitt högg. Síðan hafi derhúfa verið slegin af Hjálvari og hún lent í polli. Hjálmar hafi tekið hana upp og danglað henni framan í strákinn sem sló hufuna af honum. Þá hafi allt orðið vitlaust og menn farið að slást. Vitnið hafi reynt að leysa slagsmálin upp og koma sér í burtu. Ljóshærður strákur hafi verið þarna sem hafi ekki verið neitt hægt að tjónka við. Þetta hafi hins vegar ekki verið nein brjáluð slagsmál heldur riskingar og tog. Hann sagðist aldrei hafa séð nein högg utan það högg sem Hjálmar fékk. Sagði vitnið að það hafi ekki farið á milli mála að strákarnir sem biðu þeirra úti hafi verið að sækjast eftir slagsmálum, þeir hafi margkallað hvort þeir ættu ekki að slást. Vitnið sagðist hafa heyrt kæranda og ákærða ræða saman um tannbrotið og ákærði hafi þverneitað að hafa verið valdur á því. Sagði hann að bæði Hjálmar og ákærði hafi verið aumur í andliti daginn eftir, eftir átökin.

Hjálmar Hjálmarsson kom fyrir dóminn og sagði aðdragandann að slagsmálunum hafa verið að tveir strákar hafi komið inná Útlagan þar sem þeir félagar sátu, hafi verið með leiðindi, drukkið bjórinn þeirra og tekið af þeim sígarettur. Þeir hafi reynt að fá þá til að koma út á bílastæði til að slást en þeir hafi ekki haft nokkurn áhuga. Staðnum hafi verið lokað stuttu síðar og þeir farið út. Þegar vitnið kom út þá hafi ákærði verið kominn út og hann hafi þá séð ljóshærða strákinn kýla ákærða, vitnið hafi komið að og hafi þá strákurinn farið að ýta á brjóstkassann á vitninu, aftur og aftur en vitnið látið það átölulaust. Strákurinn hafi síðan slegið derhúfu af sér sem lenti í blautri götunni, vitnið hafi tekið hufuna upp

og slegið henni lauslega framan í strákinn sem hafi þá reiðst mikið og ráðist á sig. Þeir hafi flogist eitthvað á, vitnið hafi aðallega borið fyrir sig hendurnar, þeir hafi síðan dottið í götuna og hann haft strákinn undir. Sagði vitnið að félagar hans hafi komið og dregið sig ofan af stráknum og strákurinn hafi síðan staðið upp. Hann sagðist ekkert hafa tekið eftir því sem gerðist fyrir utan slagsmálin, hann hafi aðallega verið að forðast högg sjálfur. Fullyrti hann að þeir væru ekki vanir að lenda í riskingum félagarnir og vildu bara komast í burtu. Sagði hann að kærandi hafi síðan komið til þeirra og sagst hafa misst tönn. Sagði hann að ákærði hefði gefið honum símann sinn, sá ljóshærði hafi ætlað að rjúka í þá aftur og þeir hafi bara ekki nennt þessu, vildu bara losna frá þessu og komast í burtu. Það hafi alls ekki falist í því nokkur viðurkenning á brotinu hjá ákærða þó hann hafi látið kæranda hafa símanúmerið sitt. Sagði hann að ákærði hafi verið bólginn í andliti eftir slagsmálin.

Þórður Örn Björnsson kom fyrir dóminn og sagði aðdraganda slagsmálanna hafa verið að nokkrir drengir hafi komið inn á Útlagann og verið að ergja þá féлага inn á staðnum. Vitnið sagðist ekki hafa séð upptökin að áflogunum, hann hafi séð þegar Hjálmar og annar drengur voru að lenda í jörðinni. Hann sagðist ekki hafa séð þegar að kærandi fékk högg á sig. Hann sagði að kærandi hefði komið til ákærða og vitnið heyrir hann segja ákærða að hann hafi slegið sig en ákærði hafi neitað strax.

Árni Hjaltason kom fyrir dóminn og sagðist hafa komið að Útlaganum í umrætt sinn og séð nokkra stráka liggja í hrúgu fyrir utan Útlagann og hann hefði skilið þá í sundur. Hann hafi ekki séð neinn frekari hasar en séð að mennirnir voru að rifast fyrir utan. Hann hafi ekki séð nein högg ganga á milli manna.

Símaskýrsla var tekin af Sigríði Sverrisdóttur tannlækni. Útskýrði hún að apex væri efsti hlutinn af rót í tönn og sprunga virðist vera efst í rótinni. Gerði hún frekari grein fyrir skýrslu sinni og ástandi tannanna. Ljóst er að ein tönn hefur brotnað alveg úr brotaþola og kvarnaðist uppúr annarri tönn. Sagði hún að í raun þyrfti ekki mikið högg til að valda svona áverka. Stundum „skelli fólk skoltum“ og ef neðri gómur skelli vitlaust á þá geti tönn brotnað svona. Það sé aðallega stefnan á högginu sem skiptir máli. Aðspurð sagðist hún ekki muna eftir áverkum á andliti brotaþola að öðru leyti, það hafi ekki verið að sjá að hann hafi fengið högg í andlit. Sagði hún að sú tönn sem mátti finna los á hafi fest sig aftur.

Niðurstaða.

Af lögregluskýrslum og vitnum fyrir dómi er ljóst að allavega, Ó og Óttar fóru inn á Útlagann umrætt kvöld og hittu þar fyrir ákærða og féлага. Vitnum ber ekki saman um það hvort tveir eða fleiri komu inn á staðinn en alltaf er talað um Óttar og kæranda vegna samskiptanna inn á staðnum, pírring og leiðindi. Vitni eru ekki sammála um það hver átti upptökin að slagsmálunum fyrir utan veitingastaðinn en vitnið Óttar auk stráks með derhúfu sem mun vera vitnið Hjálmar lentu í átökum. Á meðan á þeim átökum stóð kom fram bæði hjá kæranda og ákærða að þeir hafi ætlað að stilla til friðar. Misvísandi er hjá vitnum hvort allir hafi verið í einni þvögu þegar slagsmálin áttu sér stað eða hversu margir voru í kring um átökin. Kærandi sagði þó fyrir dómi að þeir hafi allavega verið þrír við slagsmálin fyrir utan þá tvo

sem voru að slást.

Kærandi segir í lögregluskýrslu að ákærði hafi slegið sig eitt högg beint á munninn. Aðspurður fyrir dómi sagðist kærandi minna að ákærði hafi slegið hann með vinstri hendinni en hann hafi ekki séð það. Kærandi hafi verið að ýta við ákærða eða vini hans til að komast að félagu sínum sem var í áflögum þegar hann fékk höggið en það geti ekki hafa verið annar en ákærði. Hann sagðist ekki hafa séð annan þarna en hann muni það ekki vel. „Það kom rosalega dauður punktur hjá mér akkúrat þarna“ Sagðist hann ekki hafa tekið eftir því strax að hann hafi misst tönn, honum hafi verið bent á það af félögum sínum.

Vitnið Hannes sagði í lögregluskýrslu. „Hannes kvað strákana hafa verið að tala saman og það var eins og einhverjir þeirra væru dálítið pirraðir. Rétt síðar kvaðst Hannes hafa séð þegar Ó stóð framan við einn af okunnu strákunum og lagði aðra hendi að honum ekki þannig að hann hefði verið að gera sig líklegan til að taka í strákinn heldur eins og hann væri að leggja áherslu á orð sín eða eitthvað í þá veru. Hannes kvað okunna strákinn hafa án fyrirvara slegið Ó eitt hnefahögg á munninn. Hannes kvað þennan strák hafa verið að sjá smá pirraðan en ekki neitt æstan áður en hann sló Ó.“ Fyrir dómi lýsti vitnið aðdragandanum að slagsmálunum. Sagðist vitnið hafa séð ákærða og kæranda vera að þræta og greinilega ekki verið neitt gott á milli þeirra. Óttar og annar gaur hafi verið að slást. Þá hafi Ó komið eitthvað að þeim og fengið högg í sig. Sagði vitnið aðallega hafa verið að horfa á Villa og hinn og svo hafi hann séð högg koma í Ó, kannski ekki viljandi. Aðspurt um það hvern vitnið hafi séð slá Ó sagðist það hafa bara litið snögg við, það hafi aðallega verið að horfa á Óttar og hinn svo leit það smá svona og þá sá vitnið einmitt svona högg koma, hann sá ekki hvort þeir hafi stillt sér upp. Sagði vitnið að sá í leðurjakkanum hafi slegið en hann hafi ekki séð andlitið á honum. Vitnið þekkti ekki ákærða í réttarsalnum. Vitnið sagðist hafa verið að snúa sér við þegar höggið hafi verið að koma eða verið komið en hann hafi ekki séð þann sem reiddi höggið. Önnur vitni í máli þessu höfðu ekki séð umrætt högg.

Ákærði hefur á öllum stigum málsins neitað sök.

Óumdeilt er að kærandi missti framtönn þegar umrædd slagsmál áttu sér stað. Af vitnisburði ákærða og eina vitninu sem telur sig hafa séð höggið er þó svo mikið misræmi að hafi sé yfir allan skynsamlega vafa að það hafi verið ákærði sem veitti umrætt högg. Kærandi sjálfur varð ekki var við að hann hafði misst tönn fyrir en eftir að slagsmálunum lauk svo líkur má leiða að því að höggið sem olli tannmissinum hafi ekki verið fast. Samkvæmt skýrslu Sigríðar Sverrisdóttur tannlæknis getur tannbrot sem hér um ræðir jafnvel orðið þegar menn „skella skoltum.“ Auk þess minntist hún ekki að aðrir áverkar hafi verið á andliti kæranda. Þykir því nægjanleg sönnun, sem ekki verður véfengd með skynsamlegum rökum, ekki vera fram komin í málinu og ber því að sýkna ákærða.

Allur sakarkostnaður kr. 154.140.- þar með talin málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., krónur 151.940.- að meðtöldum virðisaukaskatti skulu greidd úr ríkissjóði.

Gunnar Örn Jónsson fulltrúi flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Ákærði, F skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður krónur 154.140.- þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar, hæstaréttarlögmanns kr. 151.940.- skulu greidd úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir.